

**Sþ.**

**590. Tillaga til þingsályktunar**

**[165. mál]**

um aukningu hótelhúsnæðis.

Flm.: Gylfi P. Gíslason, Ingólfur Jónsson, Helgi Jónasson,  
Ásmundur Sigurðsson, Ásgeir Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita fyrir næsta sumar úrræða til þess að auka hótelhúsnæði í landinu, svo að auðveldara verði að veita viðtöku erlendum ferðamönnum. Í því sambandi verði m. a. athugað, hvort ekki sé unnt að breyta báðum stúdentagörðunum í Reykjavík í hótél yfir sumartímann og búa þá húsgögnum í því skyni. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán, sem stjórn stúdentagarðanna kynni að vilja taka í þessu skyni, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

**Greinargerð.**

Ekki þarf að fjölyrða um nauðsyn þess að bæta skilyrði hér á landi til þess að veita viðtöku erlendum ferðamönnum, en höfuðerfiðleikarnir í því sambandi eru skortur á hótelhúsnæði. Ýmis vandkvæði eru að sjálfsögðu á byggingu og rekstri hótela, sem ekki væri hægt að reka nema yfir sumartímann. Hefur því oftlega verið á það minnst, að rétt væri að hagnýta skólahús og heimavistarhús við skóla í þessu skyni. Sérstakar ráðstafanir þarf þó að gera til þess að unnt sé að nota slíkt húsnæði sem hótelhúsnæði, t. d. varðandi húsbúnað.

En með tilliti til þess, hve brýn þörfin er á aukningu hótelhúsnæðisins, er það lagt til í till. þessari, að ríkisstjórnin leiti sérstakra úrræða þegar fyrir næsta sumar, enda er vitað, að þá er von allmikils ferðamannastraums til landsins, og fyrirsjáanlegir erfiðleikar á að sjá öllum fyrir sómasamlegu hótelhúsnæði. Í tillögunni er sérstaklega bent á, að hagnýta mætti stúdentagarðana í Reykjavík í þessu skyni. Allengi undanfarið hefur annar þeirra verið rekinn sem hótél um sumartímann, en erfiðleikar hafa verið á að nota þar allt húsnæði sökum húsgagnaskorts. Stjórn stúdentagarðanna mun hafa mikinn áhuga á því að búa garðana góðum húsgögnum vegna stúdentanna, sem þar búa á veturnum. Ef henni væri veitt einhver aðstoð til þess, væri þar fengið hið ákjósanlegasta hótelhúsnæði á sumrum (um 170—180 herbergi), og mætti í sambandi við þá aðstoð semja við stjórn stúdentagarðanna til alllags tíma um leigu á görðunum sem sumarhótelum.